

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um að borgin hætti notkun á starfsemi innheimtufyrirtækja

Borgarstjórn samþykkir að endurnýja ekki samning Reykjavíkurborgar við innheimtufyrirtækin Momentum og Gjaldheimtuna sem rennur út í árslok 2022. Reykjavíkurborg samþykkir einnig að hætta notkun á starfsemi innheimtufyrirtækja í framhaldinu af því. Öll innheimta reikninga fari fram innan Reykjavíkurborgar þar sem áhersla verði lögð á lausnir sem henta borgarbúum í viðkvæmri fjárhagslegri og félagslegri stöðu. Frá og með 1. janúar 2023 fari öll innheimta fram innan Reykjavíkurborgar þar sem ekki er stuðst við utanaðkomandi fyrirtæki. Fjármála- og áhættustýringarsviði í samvinnu við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu verði falið að undirbúa yfirfærslu verkefnisins yfir til Reykjavíkurborgar. Leitað verði til annarra sviða hjá borginni ef þörf þykir. Með Reykjavíkurborg er átt við sveitarfélagið Reykjavíkurborg og fyrirtæki og byggðasamlög í meirihlutaeigu þess. Lagt er til að fyrirtæki og byggðasamlög í meirihlutaeigu Reykjavíkurborgar sjái einnig um innheimtu reikninga innanhúss í stað þess að leita til utanaðkomandi fyrirtækja. Fjármála- og áhættustýringarsviði í samvinnu við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu verði falið að leiða þá undirbúningsvinnu í samvinnu við fyrirtækin og byggðasamlögin.

Greinargerð

Frá 1. janúar 2018 til 2. febrúar 2022 hafa 107.384 reikningar borgarbúa verið sendir í innheimtuferli Momentum. Yfir sama tímabil voru 7.667 mál send til löginnheimtu Gjaldheimtunnar fyrir Reykjavíkurborg. Tekið er fram að ef viðkomandi er með fleiri en eina kröfu í Momentum í milliinnheimtu þegar málið er flutt til löginnheimtu þá eru málin sameinuð í eitt mál þar.

Gjaldtaka fylgir því að eiga ekki fyrir reikningum og sem dæmi má nefna að einingaverð fyrir innheimtubréf í flokki 1, er 390 kr. fyrir kröfur undir 3.000 kr., 462 kr. fyrir kröfur á bilinu 3.000-10.499 kr. og 611 kr. fyrir kröfur á bilinu 10.500 til 84.999. Hér má sjá nánari sundurlíðun og upplýsingar um reikninga borgarbúa sem voru sendar í innheimtuferli:

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/45b_svar_vid_fyrirspurn_sosialistaflokksins_um_fjolda_sendra_innheimtukrafna_fra_september_2019_-_mss22010233.pdf.

Af öllum útgefnum reikningum vegna grunnskólamáltíða hjá Reykjavíkurborg fóru að meðaltali 4,2% í milliinnheimtu Momentum skólaárið 2020-2021 og 1,5% höfðu ekki verið greiddir í nóvember 2021. Þetta kom fram í svari við fyrirspurn Flokks fólksins sem lagt var fram á fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. desember 2021 sem sjá má hér:

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/221_18.1_svar_f_skolamaltidir.pdf.

Fulltrúi sósíalista ítrekar að þó svo að ekki sé lokað á skólamáltíðir vegna vanskila, þá eiga slíkir reikningar ekki heima í innheimtu.

Mikilvægt er að aðlaga alla þjónustuveitingu að ólíkum þörfum borgarbúa og þar þarf að vera meðvitund um erfiða fjárhagslega stöðu í tengslum við þjónustuveitingu. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar er fjallað um skilyrði fyrir leikskólavöl, þar kemur fram að skilyrði séu að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda. Unnið er samkvæmt verklagsreglum sem eiga að tryggja að börn verði ekki af nauðsynlegri grunnþjónustu vegna erfiðrar fjárhagsstöðu eða skuldavanda foreldra.

Eftir stendur sú staða að skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna foreldra hafi greiðsla ekki borist 110 dögum frá gjalddaga.

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna séu foreldrar þeirra í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda.

Séu leikskólagjöld enn ógreidd tíu dögum eftir eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbréf. Hafi krafa ekki verið greidd 50 dögum eftir gjalddaga er hún færð í milliinnheimtu. Þegar krafa hefur verið send innheimtufyrirtæki er hægt að semja um skuldina þar. Krafa sem ekki innheimtist í milliinnheimtu fer í löginnheimtu 120 dögum frá gjalddaga. Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstól kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

Fulltrúi sósíalista telur mikilvægt að hverfa af þeirri braut að refsa fátæku fólki fyrir að eiga ekki pening, hverfa þarf af þeirri braut þar sem upphæð reikninga verður hærri ef að íbúar geta ekki greitt þá. Fátækt fólk sem á ekki fyrir reikningum er ekki í stöðu til þess að greiða fyrir reikningana ef þeir kosta meira. Hér hafa verið nefndir reikningar sem sendir eru út vegna skólaþjónustu en gjaldtaka og innheimtuferli fer fram á ýmsum öðrum stöðum, t.a.m. á vegum Félagsbústaða og Orkuveitu Reykjavíkur.

Sumarið 2020 kom t.a.m. fram að lokað væri fyrir rafmagn hjá samtals 8 einstaklingum innan borgarinnar vegna vanskila. Fulltrúi sósíalista minnir á að Reykjavíkurborg á að hlúa að þörfum borgarbúa og fólks í viðkvæmri stöðu en ekki að senda skuldir fátækra borgarbúa til innheimtufyrirtækja og leyfa þeim að hagnast á skuldavanda borgarbúa. Rannsóknir hafa sýnt að einstaklingar sem eru í slæmri fjárhagsstöðu þar sem skuldir einkenna stöðu þeirra, eigi í aukinni hættu á að búa við slæma andlega og líkamlega heilsu. Heilsuborgin Reykjavík á ekki að ýta undir streituvaldandi aðstæður í formi kostnaðarsamra greiðslubrúna og símhringinga frá innheimtufyrirtækjum.